

*Drög***REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Eftirfarandi orðskýring bætist við í viðeigandi stafrófsröð: Efna æfing: Æfing í efnaköfun í umhverfi þar sem líkt er eftir raunverulegum aðstæðum.
- b. Í stað orðsins „Mannvirkjastofnun“ í 7. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur í viðeigandi beygingarmynd: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „reglur nr. 501/1994“ í 1. mgr. kemur: reglugerðar nr. 728/2018,.
- b. Í stað orðanna „reglna Vinnueftirlits ríkisins um þrýstibúnað, nr. 571/2000“ í 5. mgr. kemur: reglugerðar nr. 1022/2017, um þrýstibúnað.

3. gr.

Í stað orðanna „reglum Vinnueftirlits ríkisins um áfyllingastöðvar fyrir gashylki, nr. 140/1998“ í 7. mgr. 9. gr. kemur: ákvæðum reglugerðar nr. 1022/2017, um þrýstibúnað,.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. og 2. másl. 1. mgr. verða svohljóðandi: Fjöldi verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum skal vera að lágmarki sex á hverju ári. Þrjár þeirra skulu vera reykköfunaræfingar, þar af ein heit æfing.
- b. Í stað orðanna „785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“ í 4. mgr. kemur: 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á vii. hluta b-liðar 1. kafla viðauka við reglugerðina:

- a. Á eftir orðinu „lyfjameðferðar“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: eða insúlínmeðhöndlunar.
- b. 3. mgr. fellur brott.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 17. og 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, xx. október 2021

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra.

Nafn ráðuneytis- eða skrifstofustjóra.